



Fundargerð 49. fundar skólanefndar.

Dagsetning: þriðjudagur 13. apríl 2010.

Viðstaddir: Jón Eggert Bragason, Kjartan Páll Einarsson (formaður), Sigríður Finsen, Magnús Þór Jónsson, Ólína Bj. Kristinsdóttir, Björg Ágústsdóttir, Una Ýr Jörundsdóttir, Fanney Sumarliðadóttir áheyrnarfulltrúi nemenda, Guðfinna Hrefna Arnórsdóttir áheyrnarfulltrúi foreldrafélags, Sólrún Guðjónsdóttir áheyrnarfulltrúi kennara og Guðrún Jóna Jósepsdóttir sem ritaði fundargerð.

Formaður skólanefndar, Kjartan Páll setti fund og bauð nýjan skólameistara Jón Eggert velkomin til starfa. Skólameistara var gefið orðið til kynningar á efni fundarins.

Jón Eggert tilkynnti að FSN heldur ennþá fyrri áætlunum um að árið 2011 verði innritað skv. nýjum lögum en ekki frestað. Kennarar skólans munu hitta kennara Menntaskóla Borgarfjarðar og Framhaldsskólans á Laugum í Borgarnesi á vinnufundum um námskrárgerð á föstudag.

1. Áminningar

Jón Eggert fór yfir ferli áminninga vegna slakrar ástundunar nemenda. Ferlið mun vera eftirfarandi: umsjónarkennari gerir athugasemdir í INNU og lætur námsráðgjafa vita, ef nemandinn tekur sig ekki á er hann og forráðamenn hans (ef nemandinn eru undir 18 ára) boðaðir á fund með skólameistara og aðstoðarskólameistara þar sem veitt er formleg áminning. Hluti af áminningunni snýst um það að skólinn vilji hafa viðkomandi nemanda í skólanum og bjóða fram aðstoð. Nemandinn hefur andmælarétt. Ef nemandinn tekur sig ekki á þá er hann ekki tekinn inn á næstu önn nema hann undirriti samning þar sem hann lýsir því yfir að hann ætli að sinna náminu vel. Meginbreytingin er sú að formlega áminningin var áður á höndum námsráðgjafa. Jón Eggert telur rétt stjórnendur gefi áminninguna og námsráðgjafinn hjálpi nemandanum að standa við sitt. Ferlið var áður lengra og flóknara en áminningar þurftu að vera tvær, áður en formleg áminning skólameistara fór fram. Meginhugsunin er sú að allir fái tækifæri til að andmæla. Ólögráða nemendur fá alla vega 1 ár til þess að sýna fram á vilja til náms. Fræðsluskylda er til 18 ára aldurs en þeir nemendur verða að virða skólareglur. Það er ekki gott gagnvart þeim nemendum sem vilja læra að hafa nemendur sem eru að ónáða og ekki tilbúnir til þess að læra. Ekki er um nýjar reglur að ræða heldur er verið að skerpa á ferlinu og auka skilvirkni um leið. Reglurnar voru og eru á heimasíðu skólans undir *skólasóknarreglur*. Jón Eggert sýndi dæmi um bréf sem 12 nemendur fengu send í þessari viku. Hann sýndi einnig dæmi um samning um góða ástundun sem gerður er við nemendur ef nemandinn bætir sig ekki. Þetta snýst ekki um að ná áfanganum heldur að sinna honum.

Kennarar, umsjónarkennarar, námsráðgjafi og stjórnendur bjóða fram aðstoð til þess að nemandinn nái að standa sig í námi. Þetta ferli mun ekki eiga við nemendur með greiningar sem eru undir verndarvæng námsráðgjafa.

2. Kennsluhættir í FSN

Fjölbrautaskóli Snæfellinga þarf að skoða kennsluhætti skólans og fara í nokkurs konar naflaskoðun. Fjörugar umræður mynduðust um skólann og kennsluhætti hans á kennarafundi í dag. Hvar erum við stödd og hvert viljum við fara? Þarf að fjölga föstum tímum? Jón Eggert lýsir yfir áhuga á að fylgja þeirri hugsjón sem skólinn var byggður með í huga. Allir þurfa að vera með í þeirri hugsjón. Nokkuð margir kennarar hafa komið nýir inn og ef til vill þarf að sinna aðlögun þeirra betur. Skólinn hefur gengið í gegnum miklar breytingar og það þarf ef til vill að skerpa á hugsjón og stefnu hans. Kennsluhættir FSN eru sérstaða okkar og við megum ekki gefast upp á henni, heldur þróa. Við viljum vera í fararbroddi og til þess þurfum við sífellt að horfa gagnrýnum augum á starf okkar.

3. Hópastærðir og viðmið

Er hægt að halda FSN innan fjárheimilda? Hvað veldur hallarekstri í FSN? eru stórar spurningar og verðug verkefni sem þarf að skoða innan skólans. Jón Eggert hefur kallað eftir samstarfi við starfsmenn skólans við þetta verðuga verkefni. Samþykkt var af stjórn kennarafélagsins að skoða þetta með stjórnendum skólans.

4. Úthlutun úr verkefnasjóði skólasamninga á árinu 2010

Verkefni eins og styttri námsbrautir en stúdentsbrautir munu fá forgang í úthlutun. Umsóknarfrestur er knappur og rennur út 23. apríl. Leitað er eftir einhverri braut sem hefur einhverja vigt út í atvinnulífínu. Styttri braut, til dæmis eitt ár (tvær annir) eða tvö ár (fjórar annir). Almenn þjónustubraut og ferðamálabraut báru á góma. Jón Eggert óskaði eftir hugmyndum frá skólanefnd. Fundarmenn lýstu áhuga á því að skoðað yrði með almenna þjónustubraut og töldu það spennandi valkost, einkum ef haft væri náið samstarf við atvinnulífið á svæðinu.

5. Önnur mál

- Nemendaheimsóknir 10. bekkinga ganga vel.
- Spurt var um hvaða áhrif tilmæli frá menntamálaráðuneyti varðandi svæðisskóla hefðu á FSN. Jón Eggert skýrði þetta út fyrir skólanefndarfólki og að þetta myndi hafa lítil áhrif hér.
- Það stendur til að heimsækja framhaldsdeildina á Patreksfirði 26. og 27. apríl. Helga Lind og Jón Eggert munu fara á Vestfirði ásamt Karli úr menntamálaráðuneytinu. Jól 2010 munu tveir nemendur úr framhaldsdeildinni útskrifast.
- Rútusamningur við Trex rennur út í vor. Notast var við Ríkiskaup síðast. Til stendur að hitta stjórnendur sveitarfélaganna á Nesinu varðandi uppgjör.
- SS hefur sagt upp samningi varðandi mötuneyti. Fyrirtækið er tilbúið til þess að halda áfram fyrir hærri greiðslur. Ýmsum kostum var velt upp, til að mynda samnýting á Snæfellsnesi.
- Ritari mun senda skólanefndarfólki fundargerðir eftir fund í tölvupósti og fá undirskrift á prentað eintak á næsta fundi þar á eftir.

Fundi slitið kl. 17:40. Næsti fundur verður fyrir skólalok í vor.